

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur.

1. Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur og stofnaður 25. maí 1983 til minningar um Guðnýju Ellu Sigurðardóttur yfirkennara Þroskaþjálfaskóla Íslands er andaðist 29. janúar 1983.
2. Markmið sjóðsins er að styrkja nemendur er lokið hafa námi við Þ.S.Í. til framhaldsnáms. Við styrkveitinguna skal haft það sjónarmið að veita eigi fleiri styrki en svo að þeir komi styrkþega að verulegum notum.
3. Stofnendur eru kennarar, nemendur, skólastjórn Þ.S.Í., Félag þroskaþjálfra ásamt nokkrum öðrum aðilum
4. Stofnfé sjóðsins er 23.300 kr.
5. Tekjur sjóðsins eru arður af eignum hans, svo og gjafir og áheiti, er honum kunna að berast.
Fé sjóðsins skal ávaxta á þann hátt, er sjóðstjórn telur hagkvæmastan.
6. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða.
7. Stjórn sjóðsins skipa skólastjóri Þ.S.Í., fulltrúi úr skólastjórn, tveir fulltrúar úr Félagi þroskaþjálfra og fulltrúi úr fjölskyldu Guðnýjar Ellu.
Nefndir fulltrúar skulu valdir til fjögurra ára í senn.
8. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Halda skal sérstaka gerðarbók fyrir sjóðinn, færa í hana árlega reikninga sjóðsins og skrá í hana allar gerðir, er sjóðinn varða.
9. Telji sjóðstjórn að nauðsyn beri til að breyta skipulagsskrá þessari vegna breyttra aðstæðna, er henni það heimilt, enda samþykki dómsmálaráðuneytið breytinguna.
10. Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var 29. júní 1983, Stjórnartíðindi B nr. 502/1983.
11. Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. júní 1994.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.